

## Fundargerð

411. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 4. sept. 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Kári Jónasson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar fór formaður yfir það sem hann og framkvæmdastjóri hafa unnið að utan daglegra starfa.

### 1. Verksamningur við MótX

Afgreiðslu frestað. Formaður ræði við byggingarnefnd. Samningur verði sendur stjórn til frekari kynningar. Gísli lagði áherslu á, að samvinnan við MótX væri hnökralaus og spurningar væru frekar um upphæðir en traust.

### 2. Samstarf og samningur við Hringbraut

Formaður fór yfir áður kynnt samningsdrög við Hringbraut um eina milljón króna fyrir gerð 12 þátta um mál eldri borgara og starfsemi FEB enda yrði mótuð stefna í PR málum félagsins. Samþykkt að setja eina milljón í verkefnið. FEB tilbúið að gera samning við Hringbraut og frekari undirbúningur á vinnufundi stjórnar. Verkefnið fer í gang að þeim fundi loknum.

### 3. Fundur formanns og framkvæmdastjóra með borgarstjóra og formanni borgarráðs

Fundur 29. ágúst með forsvarsmönnum borgarinnar + embættismönnum.

Fyrir fund hafði verið óskað að neðangreind mál fengju umfjöllun;

- Íbúða- / lóðapörf eldri borgara
  - Árskógar 5-7 (lóð við hið núv. lóðar FEB)
  - Lóð FEB við Háteigsveg 35 / Stýrimannskólareit
- Hjúkrunarheimili í Reykjavík
- Samráð viðræður við FEB verði í ákv. „skorðum“
  - Stefna um þjónustu við eldri borgara
- Öldungaráð – vægi þess
- Fasteignamat / fasteignagjöld
- Umboðsmaður borgarbúa – hlutverk og vitneskja um
- Önnur mál

Komið var inn öll ofangreind mál en engin niðurstaða. Þó kom fram, að fyrirhugað er að auka vægi Öldungaráðsins er viðkemur málefnum aldra og umboðsmaður borgarbúa virðist virka.

### 4. Tilnefning í ferlinefnd fatlaðs fólks í Reykjavík

Samþykkt tillaga um Pétur V. Maack sem aðalfulltrúa og Wilhelm Wessman sem varafulltrúa. Formanni nefndarinnar verður tilkynnt.

### 5. Ritstjóri Félagstíðinda FEB

Olga Björt sem ritstýrt hefur tveim síðustu Félagstíðindum sagði starfi sínu lausu vegna anna. Rætt hefur við Bergrúnu Írisi Sævarsdóttir um ráðningu sem ritstjóra á sömu kjörum. Samþykkt.

### 6. Innheimta aðildargjalds LEB

Komin er rúkkun frá LEB vegna aðildargjalds FEB að LEB kr 6.6 milljónir þ.e. 600 kr á hvern félagsmann. Rætt hefur verið LEB um lækkan iðgjalds en sú umræða ekki leitt til lækkunar. Formaður á fund með formanni LEB. Reikningur bíði áfram ógreiddur hjá FEB.

### **7. Starf í starfshópi velferðarráðuneytis**

Ráðuneytið samþykkti að vinna við skilgreiningu á hvernig sá hópur „er“ sem helst þarf úrlausnar við. Ekkert komið fram í þeim efnum Næsti fundur er á dagskrá 6. sept. (frestað). Fulltrúar FEB í starfshópnum munu funda með kjaranefnd LEB fyrir næsta fund.

### **8. Staða félagsins eftir 8 mánuði**

Framkvæmdastjóri dreifði og útskýrði uppfærða Rekstraráætlun fyrir jan. - ágúst 2018. Eins og þar kemur fram er staða félagsins með miklum ágætum með afkomu af reglulegri starfsemi að upphæð 26 milljónir króna.

Samþykkt að farið verði í frekari innheimtuaðgerðir gagnvart þeim sem ekki hafa greitt og búa í húsum á vegum félagsins.

### **9. Önnur mál**

Vinnufundur stjórnar ákveðinn þriðjudaginn 11. september. Sigríður dreifði DRÖG AÐ HUGMYNDUM til undirbúnings fundinum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 12.35.

Samþykkt;